# KNAT3KÆ02

***Búið til:*** *Wed, 05 Aug 2015 16:19:37 GMT*

**Titill**
Knattspyrnuakademía 02
**Skammstöfun**
KNAT3KÆ02
**Útgáfunúmer**
18
**Námsgrein**
knattspyrna
**Viðfangsefni**
Knattspyrnuæfingar
**Staða**
Samþykkt af skóla
**Þrep**
3
**Einingafjöldi**
2
**Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla**
**Lýsing**
Viðfangsefni áfangans er knattspyrna og eru kennslutímarnir að mestu verklegir. Lesefni, myndbönd o.fl. tengt viðfangsefninu verður sett á moodle og nemendur vinna fjölbreytt verkefni (einstaklings, hópa, umræðuþræðir o.fl.). Í áfanganum verður farið í a.m.k. eina æfinga- og/eða keppnisferð til Akureyrar. Í áfanganum verður lögð sérstök áhersla á eftirfarandi tækniatriði, þ.e. gabbhreyfingar, skot og spil í fámennum liðum.
**Forkröfur**
ÍÞRF2ÞJ05
**Þekkingarviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- mikilvægi góðrar og vel uppsettrar upphitunar sem hluti af æfingu
- reglum knattspyrnunnar
- hvernig tækniatriði knattspyrnunnar eru þjálfuð með mismunandi erfiðleikastigum, þ.e. frá einföldum æfingum til flókinna æfinga
- nýtingu spils í fámennum liðum til að þjálfa tækni- og leikfræðileg atriði

**Leikniviðmið**
**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- framkvæma góða og skipulagði upphitun til undirbúnings fyrir æfingu og keppni
- útfæra og framkvæma tækniatriði knattspyrnunnar, allt frá einföldum til flókinna atriða
- meta knattspyrnureglurnar við að horfa á kappleiki og dæma hjá samnemendum
- meta getu iðkenda til að velja rétt erfiðleikastig æfinga til að þjálfa tækniatriði

**Hæfniviðmið**
**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- bæta sig sem knattspyrnumaður
- meta og velja réttar æfingar til að þjálfa ákveðin tækni- og leikfræðileg atriði
- meta og velja spilaform í fámennum liðum til að þjálfa mismunandi tækni- og leikfræðileg atriði
- geta tekið þátt í umræðum um viðfangsefnin á faglegan og uppbyggilegan hátt

**Námsmat**

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa að uppfylla skilyrði um mætingu og virkni í tímum. Áfanginn er metinn út frá verkefnaskilum, mætingu, virkni, færni og áhuga.

**Skólar**

**Fyrirmynd**